

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 30. nóvember 2023

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996. Mál nr. 79 á 154. Löggjafarþingi.

Viðskiptaráð þakkar fyrir tækifærið til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri um lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ráðið vísar til fyrri umsagnar en vill áréttta eftirfarandi atriði.

Endurskoðun laganna er löngu tímabær og þróun síðustu ára hefur enn fremur ýtt undir nauðsyn hennar. Jafnræði á vinnumarkaði er sérlega mikilvægt í ljósi þess hve mikil víxlverkun er á milli hins opinbera og hins almenna markaðar og hversu umfangsmikill hinn opinberi vinnumarkaður er en um þriðjungur starfandi er hjá hinu opinbera. Ekkert OECD ríki ver hærra hlutfalli verðmætasköpunar í laun og launatengd gjöld opinberra starfsmanna og á síðustu árum hefur þetta hlutfall hvergi hækkað meira en hér á landi.

Íslenskt stjórnkerfi er um margt sérstakt í alþjóðlegum samanburði, enda verið að heimfæra kerfi fyrir milljóna þjóðir á tæplega fjögur hundruð þúsund manna þjóð. Við höfum fá tækifæri til að ná fram stærðarhagkvæmni og því er nauðsynlegt að kerfið sé skilvirkt og sveigjanlegt, stuðli að eðlilegri þróun á vinnumarkaði til lengri tíma og nýti fé sem best.

Réttarvernd ríkisstarfsmanna er meiri en launþega á almennum vinnumarkaði. Sögulegar skýringar eru á ríkari réttindum, en áður fyrr gátu opinberir starfsmenn ekki samið um laun sín og önnur kjör, nutu ekki verkfallsréttar og laun þeirra voru almennt lægri en þekktist á almennum markaði. Engin af þessum rökum eiga við í dag. Jafnframt var talið nauðsynlegt að vernda starfsmenn gegn pólitískum þrýstingi og tryggja óhæði þeirra en síðan þá hafa aðstæður einnig gjörbreyst, m.a. hefur sérstaða opinbera vinnumarkaðarins hefur minnkað, embættis umboðsmanns Alþingis verið stofnað og stjórnsýslulög sett.

Ákvörðun um uppsögn ríkisstarfsmanns er stjórnsýsluákvörðun og stjórnsýslulögin ein og sér veita ríkisstarfsmönnum meiri réttarvernd við uppsagnir en gildir á almennum vinnumarkaði. Með frumvarpinu er eingöngu verið að leitast við að tryggja nauðsynlegan sveigjanleika og veita hinu opinbera möguleika á því að bregðast við þegar opinberir starfsmenn gerast brotlegir í starfi eða sinna starfi sínu ekki með fullnægjandi hætti.

Ráðið ítrekar að verði fyrirliggjandi breytingar samþykktar munu ríkisstarfsmenn eftir sem áður njóta meiri verndar en starfsmenn á almennum markaði, enda tryggja stjórnsýslulög ríkisstarfsmönnum fullnægjandi réttarvernd í starfi.

Viðskiptaráð styður að frumvarpið nái fram að ganga.

María Guðjónsdóttir

Lögfræðingur Viðskiptaráðs Íslands